



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um Laugaveg í 9 skrefum (US210244).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. september sl. var í lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

- 1. Hver er kostnaðurinn frá upphafi til 1. september 2021 við teymin sem vinna að "Laugavegur í 9 skrefum" með auglýsingakostnaði og öllu tæmandi talið?*
- 2. Hvernig voru teymin valin?*
- 3. Hver eru starfsheiti þeirra sem í teymunum sitja?*
- 4. Hver er áætlaður heildarkostnaður við verkefnið "Laugavegur í 9 skrefum" við verklok?*
- 5. Hvers vegna var eigendum og rekstraraðilum á Laugaveginu ekki boðið að vera í teymunum?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 8. september sl.

Svar við fyrirspurn:

- 1. Hver er kostnaðurinn frá upphafi til 1. september 2021 við teymin sem vinna að "Laugavegur í 9 skrefum" með auglýsingakostnaði og öllu tæmandi talið?*

Kostnaður við samræmingarhönnuð og þrjú hönnunarteymi forhönnunar, alls 10 manns, nemur um 14.880.000 kr. til þessa. Kostnaður við verkhönnun skrefanna er ekki innifalinn í þessari upphæð.

Annar kostnaður m.a. fyrir ráðgjöf og utanumhald samráðs, vinnustofu og hönnunarsprett, kaup á auglýsingastöndum til kynningar forhönnunar á göngugötu og leigu á húsnæði vegna samráðs er um 3.500.000 kr. Enginn auglýsingakostnaður er kominn fyrir verkefnið.



2. *Hvernig voru teymin valin?*

Auglýst var á miðlum Reykjavíkurborgar eftir þverfaglegum og skapandi teyimum til að taka þátt í mótun göngugötuhluta Laugavegar, Skólavörðustígs og Vegamótastígs. Framkvæmt var mat á teymunum sem sóttu um og þeim gefin stig fyrir faglega breidd teymis, reynslu tengda hönnun á almenningsrýmum, nálgun á hugmyndafræði, trúverðugleika og gæða umsókna.

3. *Hver eru starfsheiti þeirra sem í teymunum sitja?*

Í teymunum sitja, arkitektar, landslagsarkitektar, skipulagsfræðingur, lýsingarhönnuður, upplifunarhönnuður, myndlistarmaður og listmálari.

4. *Hver er áætlaður heildarkostnaður við verkefnið "Laugavegur í 9 skrefum" við verklok?*

Frumkostnaðaráætlun út frá forhönnun götunnar gerir ráð fyrir að allir níu áfangar götunnar kosti samtals um 450 milljónir króna, til viðbótar við framangreindan kostnað. Tekið skal fram að í framangreindri fjárhæð er ekki gert ráð fyrir veitukostnaði.

5. *Hvers vegna var eigendum og rekstraraðilum á Laugaveginum ekki boðið að vera í teymunum?*

Öllum var frjálst að senda inn umsókn í verkefnið. Skrifstofunni er ekki kunnugt um að rekstraraðilar eða eigendur á Laugaveginum hafi sóst eftir að taka þátt. Listi yfir umsækjendur var þó ekki borinn saman við skráða eigendur eða rekstraraðila við götuna.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri